

sem í voru valdi stendr, til þess að hin kristlega flóðalda, sem eg áðan var un að tala, magnist, magnist svo stórkostlega og gleðilega, að hún sópi öllu illu burt úr þjóðlífi voru, því öllu, sem engan hæfilegleik hefir í sér til þess að geta ummyndazt á guði velþóknanlegan hátt. — Maðr spurði Moody, hian mikla kristna prédikara, sem andaðist rétt fyrir jólin síðustu, hvernig hann ætti að fara með sjálfan sig, því hjarta sitt væri svo spilt. „Láttu“—svaraði Moody—„nógu mikið þar inn af heilögum anda guðs.“ Með því móti myndi vonzkan í hjartanu dvína, og á endanum alls ekki koma til greina. Alveg eins og ef nógu lengi væri hellt tæru uppsprettuvatni í flát með óhreinu og skemmdu vatni, þá myndi skemmda vatnið smásaman hverfa og eyðast loks þar í flátinu algjörlega. Hellum þá líka nógu miklu hreinu andlegu vatni inn í hina gruggugu tjörn nútíðarþjóðlífsins íslenzka. Látum þangað stöðugt renna strauma lifanda vatnus út frá oss í hinni kristnu kirkju vorri. Þá hreinsast vatnið í tjörninni áreiðanlega—alveg eins og það forðum svo undr fljótt og gleðilega hreinsaðist eftir að hin ógleymanlega alþjóðarsamþykkt var gjörð kristindóminum viðvíkjandi á alþingi Íslendinga þennan dag fyrir níu hundruð árum.

Munið allir, kristnir menn, eftir dæmisögu frelsarans um súrdeigið.